

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps 32. fundur.

að Hlíðavegi 6, 12. 2. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Snjómokstur í þorpinu.
3. Drög að samningi um váttryggingar Skútustaðahrepps við VÍS.
4. Hugmyndir um nýtt vegarstæði norðan Dyngjujfalla. Austfirðingar mæta til fundarins.
5. Erindi umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.
6. Erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umagnar um mat á umhverfisáhrifum vegna kísilgúrvinnslu úr Ytri-flóa Mývatns.
7. Erindi Framhaldsskólans á Húsavík um skólaakstur.
8. Erindi Péturs Snæbjörnssonar f.h. Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi og Færeyjum um afnot af Reykjahlíðarskóla og íþróttahúsi vegna umdæmisþings 17.-19. sept. n.k.
9. Erindi Heims þar sem óskað er eftir 50 þús. kr. styrk vegna útgáfu ferðahandbóka.
10. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 26. jan. 2004.
11. Brunavarnaáætlun fyrir Skútustaðahrepp.
12. Drög að samningi um rekstur og vörslu Skjólbrekku.
13. Sorpgjöld 2004.
14. Drög að samningi við Búnaðarsamband S-Þingeyinga um búfjárefirlit.

Til kynningar: i. Bréf nefndar um sameiningu sveitarfélaga.
ii. Bréf Umhverfisstofnunar um skert endurgreiðsluhlutfall vegna refa- og minkaveiða.
iii. Bréf Sambands sveitarf. um Grunnskólaþing 26. mars.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Ásta Lárusdóttir í forföllum Birkis Fanndal, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og bauð Ástu Lárusdóttur sérstaklega velkomna, en Ásta sat sinn fyrsta sveitarstjórnarfund.

Böðvar óskaði eftir að 14. máli drögum að samningi við Búnaðarsamband S-Þingeyinga um búfjárefirlit yrði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða

2. Snjómokstur í þorpinu.

Rætt var um snjómokstur í þorpinu. Sveitarstjóra falið að ræða við verktaka um að nota blásara meira en verið hefur og útbúa vél í samræmi við aðstæður hverju sinni. Mikilvægt er að gæta hagsýni við snjómoksturinn.

3. Drög að samningi um váttryggingar Skútustaðahrepps við VÍS.

Ekki eru gerðar athugasemdir við drögin.

4. Hugmyndir um nýtt vegarstæði norðan Dyngjufjalla. Austfirðingar mæta til fundarins.

Mættir eru til fundarins Arnór Benediktsson, Aðalsteinn Jónsson, Sveinn Sigurbjarnarson og Skúli Björn Gunnarsson sem mynda starfshóp Markaðsskrifstofu Austurlands um bættar samgöngur. Þá eru og mætt til fundarins Friðrika Sigurgeirsdóttir og Garðar Jónsson af hálfu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar.

Hugmyndir Austfirðinga ganga út á að tengja Kárahnjúkasvæðið við brú við Upptypinga með beinni vegtengingu.

Ræddar voru frekari tengingar frá Upptypingum norðan Dyngjufjalla og niður í Bárðadal.

Framhald málsins verður frekar rætt á næsta fundi sveitarstjórnar. Þá munu fulltrúar Þingeyjarsveitar ræða málið í sinn hóp.

5. Erindi umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mun ekki veita umsögn um málið, enda snertir tillagan íbúa Skútustaðahrepps lítt sem ekkert.

6. Erindi Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar um mat á umhverfisáhrifum vegna kísilgúrvinnslu úr Ytri-flóa Mývatns.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur umhverfisáhrif af stækkun dælusvæða í Ytri-flóa óveruleg, en verulega mikilvægt fyrir atvinnustig í hreppnum að málið nái fram að ganga.

Samþykkt samhljóða.

7. Erindi Framhaldsskólans á Húsavík um skólaakstur.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur vel í hugmyndir Framhaldsskólans á Húsavík um að kanna nánar um skipulag kennslu fyrir nemendur í hinum dreifðu byggðum héraðsins með það í huga að komið yrði á skólaakstri. Slík könnun yrði undanfari frekari ákvarðana um málið.

8. Erindi Péturs Snæbjörnssonar f.h. Kiwanishreyfingarinnar á Íslandi og Færeyjum um afnot af Reykjahlíðarskóla og íþróttahúsi vegna umdæmisþings 17.-19. sept. n.k.

Sveitarstjórn fellst á að Kiwanishreyfingin fái afnot af húsunum. Sveitarstjóra falið að ræða nánar við Kiwanismenn um fyrirkomulag og gjaldtöku.

9. Erindi Heims þar sem óskað er eftir 50 þús. kr. styrk vegna útgáfu ferðahandbóka.

Samþykkt samhljóða að hafna erindinu.

10. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 26. jan. 2004.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerð landbúnaðarnefndar.

11. Brunavarnaáætlun fyrir Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn samþykkir brunavarnaáætlunina með þeim fyrirvara að framkvæmdaáætlun verður að lúta þeim fjárveitingum sem gerðar eru tillögur um í fjárhagsáætlun hverju sinni.

Slökkviliðsstjóra eru þökkuð störf hans við gerð áætlunarinnar.

12. Drög að samningi um rekstur og vörslu Skjólbrekku.

Sveitarstjóri lagði fram drög að samningi við Mývatn ehf. Sveitarstjóra falið að ræða drögin frekar við forsvarsmann Mývatns ehf.

13. Sorpgjöld 2004.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2004		2004
fyrirtæki	flokkur	
Dekkjaverkstæðið Ytri-Neslöndum	a	13.200
Haganes, veiðihús	a	13.200
Léttsteypan	a	13.200
Útimarkaður	a	13.200
Víkurnes, hópferðapjónusta	a	13.200
		66.000
Mýflug	b	36.300
Reykhúsið Geiteyjarströnd	b	36.300
Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	36.300
Skútustaðair 2b, gisting-tjöldun, reykhus	b	36.300
Vogabændur	b	36.300
		181.500
Eldá	c	66.000
Ferðapjónustan Hlíð	c	66.000
Hótel Reykjahlíð	c	66.000
Sparisjóður S-Pingeyinga	c	66.000
Skútustaðahreppur, áhaldahús	c	66.000
Stöng, ferðapjónusta	c	66.000
Veiðihús í landi Hofstaða	c	66.000
		462.000
Hótel Reynihlíð	d	121.000
Lykilhótel	d	121.000
Mývatn ehf	d	121.000
Skjólbrekka, félagsheimili	d	121.000
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	121.000
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	121.000
Sniðill	d	121.000
		847.000
Sauðahellir ehf	e	236.500

